

**Ed.**

## **99. Breytingartillaga**

**við frv. til laga um kirkjugarða.**

**Frá menntamálanefnd.**

**Við 25. gr. Greinin orðist svo:**

Nú brýtur sjór eða vatnsfall gamlan kirkjugarð, eða hann eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna manna koma í ljós, og skal þá sóknarnefnd tafarlaust gera prófasti og fornmenjaverði viðvart, enda ber henni, eftir samráði við þá, að gera, svo fljótt sem verða má, á kostnað kirkjugarðs sóknarinnar, þær ráðstafanir, er þurfa þykir.